

REGLUGERÐ

um Siglingamálastofnun ríkisins skipulag, starfshætti og verkefni.

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skiptist í eftirfarandi aðalsvið:

- 1) Skrifstofusvið.
- 2) Skipaeftirlitssvið.
- 3) Mengunarsvið.

2. gr.

Aðalsvið skiptast í eftirfarandi deildir og málaflokka:

- 1) Skrifstofusvið:
Skrifstofa.
Tölvu- og fræðslumál.
Skipaskráning.
- 2) Skipaeftirlitssvið:
Tæknideild.
Eftirlitsdeild.
Umdæmisskrifstofur.
- 3) Mengunarsvið:
Mengun sjávar.
Köfunarmál.
Flutningamál.

3. gr.

Siglingamálastjóri annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Siglingamálastofnun, í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli.

Forstöðumenn stjórna aðalsviðum. Þeir skulu vera sjálfstæðir í starfi, en bera ábyrgð gagnvart siglingamálastjóra.

Deildarstjórar stjórna deildum, en umdæmisstjórar umdæmisskrifstofum. Þeir bera ábyrgð gagnvart forstöðumönnum aðalsviða.

4. gr.

Verkefni aðalsviða er sem hér segir:

Skrifstofusvið.

Fjármál, áætlunargerðir, bókhald, innheimta, starfsmannahald, húsnæði, umsjón með prentun og útgáfa ársskýrslu.

Almennt skrifstofuhald og skjalavarsla.

Endurgreiðsla tolla og áritun aðflutningsskýrslna fyrir viðurkenndan búnað til skipa.

Tölfræðileg gagnaöflun og úrvinnsla.

Fræðslu- og kynningarstarf, útgáfa fræðslurita og fréttabréfa, dreifing reglna til hagsmunaaðila og starfsmanna.

Áhafnamál, leiðbeiningar varðandi menntun og þjálfun áhafna.

Skipaskráning, útgáfa skráningarskírteina og mælibréfa.

Skipaefirlitssvið.

Eftirlit með skipum í samræmi við lög, reglur og alþjóðasamþykktir og gerð tillagna að nýjum reglum um smíði og búnað skipa.

Gerð handbóka fyrir skoðunarmenn.

Viðurkenningar á efnum, tækjum og búnaði til skipa.

Umsagnir til ríkissaksóknara um sjóslys.

Rannsóknir um borð í skipum.

Skoðun skipa og útgáfa haffærisskírteina.

Skipamælingar.

Mengunarsvið.

Eftirlit með framkvæmd laga og reglna um varnir gegn mengun sjávar og útgáfa mengunarvarnaskírteina.

Eftirlit með framkvæmd laga og reglna um köfun í atvinnuskyni.

Framkvæmd reglna um flutning á hættulegum varningi með skipum, reglna um gáma og útgáfa viðkomandi vottorða.

Viðurkenning efna og tækjabúnaðar til mengunarvarna og vegna köfunarmála.

Gerð tillagna að breytingu á reglum um mengunarvarnir, köfunarmál og flutning á hættulegum varningi.

5. gr.

Skipting verkefna milli deilda aðalsviða skal vera í samræmi við skipurit Siglingamálastofnunar, sem ráðherra staðfestir hverju sinni.

6. gr.

Mörk umdæma og umdæmisskrifstofur Siglingamálastofnunar skulu vera eftirfarandi:

Umdæmi I, Reykjavík.

Aðsetur skrifstofu: Reykjavík.

Mörk umdæmis: Vík í Mýrdal—Hvítá í Borgarfirði.

Umdæmi II, Vesturland.

Aðsetur skrifstofu: Ólafsvík.

Mörk umdæmis: Hvítá í Borgarfirði—Gilsfjarðarbotn.

Umdæmi III, Vestfirðir.

Aðsetur skrifstofu: Ísafjörður.

Mörk umdæmis: Gilsfjarðarbotn—Hóp.

Umdæmi IV, Norðurland.

Aðsetur skrifstofu: Akureyri.

Mörk umdæmis: Hóp—Gunnólfsvíkurfjall.

Umdæmi V, Austurland.

Aðsetur skrifstofu: Fáskrúðsfjörður.

Mörk umdæmis: Gunnólfsvíkurfjall—Vík í Mýrdal.

Umdæmi VI, Vestmannaeyjar.

Aðsetur skrifstofu: Vestmannaeyjar.

Mörk umdæmis: Vestmannaeyjar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20/1986 um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. apríl 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.